

Nd.

321. Frumvarp

til laga um viðauka við hafnarlög fyrir Vestmannaeyjar, nr. 60, 10. nóv. 1913.
(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að leggja fram úr ríkissjóði, þegar þje er fyrir hendi, allt að 70 þús. krónum, gegn tvöföldu framlagi úr hafnarsjóði Vestmannaeyja, til viðgerðar og endurbóta á hafnargörðunum í Vestmannaeyjum. Tillagið úr ríkissjóði er bundið því skilyrði, að yfirumsjón með verkinu og reikningshaldinu sje falin manni, sem ríkisstjórnin samþykkir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.